

92

16. des.

2. gr.  
Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsg., svolátandi:  
Nú nýtur sjúklingur styrks úr ríkissjóði samkv. 1. málsg. þessarar greinar, og skal þá framfærslusveit hans greiða  $\frac{1}{2}$  hluta kostnaðarins. Um greiðslur þessar fer samkv. ákvæðum 66. gr. framfærslulaganna.

3. gr.  
Fyrir orðin „samkvæmt 4., 5. og 6. gr.“ í 8. gr. laganna kemur: samkvæmt 5. gr.

4. gr.  
Bráðabirgðaákvæði aftan við 13. gr. laganna orðist svo: Meðan holdsveikra spítali er starfræktur af ríkinu, skulu holdsveikir sjúklingar, sem þar eru vistaðir fyrir ráðstafanir hins opinbera, hafa þar að öllu leyti ókeypis vist á kostnað ríkissjóðs, eins og verið hefur.

5. gr.  
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

*Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Þórðarson.*

93

16. des.

## L Ö G

um hafnarbótasjóð.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.  
Stofna skal sjóð, er nefnist hafnarbótasjóður. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að bættum hafnar- og lendingarskilyrðum í kaupstöðum og sjávarþorpum, þar sem aðstaða er góð til sjósóknar og framleiðslu sjávarafurða.

2. gr.  
Ríkissjóður leggur fram til hafnarbótasjóðs af tekjum ársins 1943 3 millj. kr. og 300 þús. kr. á ári eftir 1943.

3. gr.  
Hafnarbótasjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

4. gr.  
Ekki má greiða fé úr sjóðnum, fyrr en Alþingi hefur sett nánari ákvæði um fjárveitingar úr honum.

5. gr.  
Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Vilhjálmur Þór.*